

3. Þegar flutt ..... gildandi reglum. 6
4. Fyrir fæðingu ..... ekki fæðingarstyrk. 16. marz
5. Tryggður maður ..... ákveður Tryggingaráðið.
6. Flutningur fer að öðru leyti fram eftir þeim reglum um flutninga milli sjúkrahúsamblaga, sem gilda í því landi, sem hinn tryggði flyzt til, þó þannig, að þær skulu ekki hamla flutningi námsmanna, sem ætla, vegna náms, að dvelja í hinu landinu í meira en þrjá mánuði samfleytt, og þannig, þegar flutt er *til Svíþjóðar*, að viðtæki sjúkradagpeninga, sem manni er skylt að tryggja sér, ákvarðist án tillits til fyrri tryggingar.

## § 9.

1. Sjúkrahjálpi sú ..... þessum kafla.
2. Hlutaðeigandi yfirvald ákveður hvort og að hve miklu leyti kostnaði af sjúkrahjálpi, sem sænskt staðarsjúkrahúsamblag greiðir samkvæmt þessum kafla, skuli skipt milli þess samblags og hlutaðeigandi héraðssamblags.

## 3. gr.

Þessi samningur gengur í gildi 1. janúar 1955. Hann er óaðskiljanlegur hluti milliríkjasamningsins, og er því ekki hægt að segja honum upp sérstaklega.

Eftir að samningurinn hefur verið undirritaður í Stokkhólmi, skal varðveita hann í skjalasafni íslenska utanríkisráðuneytisins, og skal utanríkisráðuneytið senda ríkisstjórnnum allra samningsríkjanna staðfest afrit af honum.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað samning þenna.

Gert í Stokkhólmi í einu eintaki á íslensku, dönsku, norsku og sænsku, hinn 30. desember 1954.

Helgi P. Briem.    K. A. Monrad-Hansen.    Jens Schive.    Östen Undén.

## L Ö G

7

um breyting á lögum nr. 25/1946, um landshöfn í Keflavík- og Njarðvíkurhreppum.

22. marz

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað orðanna „í Keflavík- og Njarðvíkurhreppum“ í 1. gr. laganna komi: í Keflavíkkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

## 2. gr.

Í stað orðanna „10 millj. kr.“ í 2. gr. laganna komi: 25 millj. kr.

## 3. gr.

Í stað orðanna „sveitarstjórnnum Keflavíkurhrepps og Njarðvíkurhrepps“ í 4. gr. laganna komi: bæjarstjórn Keflavíkkaupstaðar og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps.

7

4. gr.

22. marz

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 55 25. maí 1950.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 25 23. apríl 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

*Gjört í Reykjavík, 22. marz 1955.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

8

## L Ö G

22. marz

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

- a. Á eftir 46. tölulið B-liðar komi nýr töluliður:  
Lónkotsmöl.
- b. Á eftir 47. tölulið B-liðar komi nýr töluliður:  
Reykhólar í Reykhólahreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. marz 1955.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*